



Hagsmunaskráning æðstu stjórnenda og aðstoðarmanna ráðherra í Stjórnarráði Íslands

sbr. lög um varnir gegn hagsmunaárekstrum í Stjórnarráði Íslands nr. 64/2020.

Nafn	Guðríður Lára Þrastardóttir
Starfsheiti	Aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra
Dagsetning	13. janúar 2025

Upplýsingar á eyðublaði þessu taka til tímabilsins frá því að starfsmaður skilar því til forsætisráðuneytisins. Umtalsverðar breytingar skulu tilkynntar eins fljótt og auðið er. Forsætisráðuneytið veitir leiðbeiningar um framkvæmd skráningar og hvort fyrir hendi kunni að vera hagsmunaárekstrar sem kalli á aðgerðir.

Forsætisráðuneytið birtir opinberlega upplýsingar um hagsmuni ráðherra, ráðuneytisstjóra og aðstoðarmenn ráðherra. Óheimilt er að birta opinberlega þann hluta eyðublaðsins sem tekur til upplýsinga um fjárhagsleg málefni maka og ólögráða barna á framfæri æðstu stjórnenda og aðstoðarmanna ráðherra og eru upplýsingarnar undanþegnar ákvæðum upplýsingalaga, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 64/2020. Eyðublaðið skal sent á netfangið for@for.is

1. Eignir.

- Fasteignir hérlendis og erlendis. Íbúðarhúsnæði til eigin nota (50% á móti maka).
- Eignarhlutir í félögum hérlendis og erlendis, þ.m.t. einkahlutafélögum, hlutafélögum, sameignarfélögum, samlagsfélögum, sjálfseignarstofnunum í atvinnurekstri og önnur skyld eignarréttindi. Á ekki við.

2. Skuldir og ábyrgðir.

- Skuldir hérlendis og erlendis, m.v. þann dag sem eyðublaðinu er skilað til forsætisráðuneytis. Ekki er þó skylt að tilkynna um skuldir vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota, bifreiða til eigin nota eða námslána. Þá er ekki skylt að tilkynna um skuldir við viðskiptabanka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir ef fjárhæð er undir 5 millj. kr. Á ekki við.
- Ábyrgðir hérlendis og erlendis, m.v. þann dag sem eyðublaðinu er skilað til forsætisráðuneytis. Ekki er þó skylt að tilkynna um ábyrgðir vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota, bifreiða til eigin nota eða námslána. Þá er ekki skylt að tilkynna um ábyrgðir við viðskiptabanka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir ef fjárhæð er undir 5 millj. kr. Á ekki við.

3. Upplýsingar um maka og ólögráða börn á framfæri starfsmanns (ekki birtar opinberlega).

4. Ólaunuð trúnaðarstörf

Heimilt er að skrá upplýsingar um ólaunaða stjórnarsetu eða önnur ólaunuð trúnaðarstörf fyrir hagsmunasamtök og félög önnur en stjórn málasamtök. Skylt er að sækja um heimild til forsætisráðuneytisins vegna launaðra aukastarfa, sbr. 3. gr. laga nr. 64/2020.